



Nóvember
2019

Skýrsla
Ytra mat á frístundstarfi
Frístundaheimilið Vinasel



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Ritun skýrslu :

Sigrún Harpa Magnúsdóttir, ritstjóri

G. Ísabella Þráinsdóttir

Þóra Melsted

Fylgiskjal: Helgi Grétar Helgason

Ljósmynd á forsíðu: Af heimasíðu Vinasels

EFNISYFIRLIT

Inngangur	4
Frístundaheimilið Vínasel	4
Greining	6
Stjórnun	8
Frístundastarf.....	9
Mannauður	10
Staðarbragur.....	11
Innra mat	11
Fylgiskjal 1: Rekstarniðurstaða 2015-2018.....	12

Í þessari skýrslu er greint frá niðurstöðum ytra mats í frístundaheimilinu Vinaseli sem fór fram í nóvember 2019. Matið var framkvæmt af fjórum starfsmönnum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar en auk þeirra tók deildarstjóri barnastarfs í Gufunesbæ þátt í matinu. Tveir kennarar frá tómstunda- og félagsmálafræði af Menntavísindasviði HÍ tóku einnig þátt í matinu í samræmi við samning við RannTóm (Rannsóknarstofa í tómstundafræðum).

Ytra matið byggir á niðurstöðum viðtals við stjórnendur og rýnihópa starfsfólks, foreldra og barna, vettvangsathugunum í frístundaheimilinu og skriflegum gögnum. Vettvangsheimsóknir og rýnihópar fóru fram 4.-8. nóvember 2019.

Meginstef ytra mats á frístundastarfi er það sama og á öðrum stofnunum skóla- og frístundasviðs, að matið sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betra skóla- og frístundastarfi.

Leiðarljós matsins er það sama og leiðarljós [menntastefnu](#) Reykjavíkurborgar;

- Barnið sem virkur þátttakandi
- Fagmennska og samstarf í öndvegi

Til grundvallar matinu eru [viðmið um gæði](#) á fimm sviðum frístundastarfs:

- I. Stjórnun
- II. Frístundastarf
- III. Mannauður
- IV. Staðarbragur
- V. Innra mat

Með því að hafa skýr viðmið er leitast við að tryggja, að svo miklu leyti sem slíkt er unnt, að öll frístundaheimili fái sambærilegt ytra mat en hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er rýnihópaviðtöl, vettvangsathuganir og gagnaskoðun, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer á frístundaheimilinu.

FRÍSTUNDAHEIMILIÐ VINASEL

Frístundaheimilið Vinasel er staðsett í húsnæði við Seljaskóla við Kleifarsel 18, 111 Reykjavík. Það er fyrir börn í 1.-2. bekk og er starfrækt á virkum dögum eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur frá kl. 13:30-17:00 og frá 08:00-17:00 þegar frí er í skólanum en þá er auglýst sérstaklega eftir skráningu þeirra barna sem ætla að nýta sér þjónustuna. Vinasel er eitt af 6 frístundaheimilum sem tilheyra Miðbergi, sem er frístundamiðstöð Breiðholts.

Í Vinaseli er einn forstöðumaður og einn aðstoðarforstöðumaður. Þegar ytra matið fór fram voru 10 aðrir starfsmenn í misjöfnum starfshlutföllum.

Niðurstöður ytra mats - yfirlit:

Myndin sýnir meðaltalsútkomu í hverjum undirkafla skýrslunnar þar sem dökkgrænt sýnir mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf, ljósgrænt sýnir gott verklag þar sem flestir þættir eru í samræmi við lýsingu á gæðastarfi, gult þýðir að einhverjir mikilvægir þættir þarfnast úrbóta og rautt að verklag er óviðunandi og uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Stjórnun	Frístundastarf	Mannauður	Staðarbragur
Forstöðumaðurinn sem leiðtogi	Skipulag starfs og starfsaðstæður	Fagmennska starfsfólks	Viðmót og menning
Stjórnun stofnunar	Uppeldi og menntun	Starfsánægja	Velferð og líðan barna
Verklagsreglur og áætlanir	Starfshættir og viðfangsefni		Foreldrasamstarf
Faglegt samstarf	Virk þátttaka og lýðræði		
Þróun og nýbreytni	Mannréttindi og margbreytileiki		

Vísendingar um gæðaviðmið sem fengu stjörnu/öðrum frístundaheimilum til eftirbreytni:



Leitast er við að koma til móts við óskir foreldra.



Foreldrum er velkomið að koma og kynna sér starfsemina.

GREINING

Styrkleikar:

Styrkleikar í starfi Vinasels eru margir. Forstöðumenn rækta samskipti við börn, starfsfólk, samstarfsaðila og foreldra í daglegu starfi. Þeir hafa uppeldis- og menntunarsýn, miðla henni til starfsfólks og annarra samstarfsaðila og leita eftir hugmyndum starfsfólks til að auka fjölbreytni í starfinu. Vel er haldið utan um upplýsingar um daglega starfsemi og forstöðumenn sjá til þess að fréttum af starfinu sé miðlað til hagsmunaaðila. Starfsstaðurinn tekur þátt í þróunarverkefnum, formlegu hverfasamstarfi og stjórnendur sitja skilafundi vegna barna með sérstakar þarfir sem eru að koma úr leikskóla eða öðrum grunnskólum auk þess að sitja teymisfundi vegna málefna einstakra barna.

Aðgengi að forstöðumönnum er gott og þeir leggja sig fram við að koma til móts við óskir og ábendingar foreldra. Upplýsingaflæði til foreldra er mjög gott, skipulögð foreldrakynning er árlegur þáttur í frístundastarfinu, foreldrum er markvisst boðið að taka þátt og kynna sér daglegt starf með því að vera í 30 mínútur á frístundaheimilinu þegar þeir sækja börnin sín og boðið er upp á foreldraviðtöl fyrir þá sem það vilja. Foreldrum í rýnihóp finnst verkefnið sem börnin takast á við fjölbreytt, uppbyggileg og þau veki áhuga barnanna.

Gætt er að varðveislu persónuupplýsinga og viðræður hafa verið við samstarfsaðila um verklag til að fylgja eftir nýjum persónuverndarlögum. Við ráðningu nýs starfsfólks er farið eftir lögbundnu ráðningarferli, upplýsinga frá sakaskrá er aflað, vönduð móttökuáætlun fyrir nýtt starfsfólk hefur verið gerð og farið er eftir henni. Starfsfólk fær reglulega fræðslu um öryggismál, slys og forvarnir, það þekkir og vinnur eftir öryggisverkerfum og það þekkir ábyrgð sína og verklag um tilkynningaskyldu vegna barnaverndarmála. Starfsfólk hefur fengið kynningu á siðareglum og starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar og fræðsla er reglulega í boði fyrir starfsfólk á vegum frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs en mjög gott samstarf er við frístundamiðstöðina.

Verkaskipting og ábyrgð starfsfólks í daglegu starfi er skýr og öllum ljós. Samstarf innan starfsmannahópsins er mjög gott. Starfsfólk notar jákvæð samskipti og virka hlustun í samskiptum við börn, það kemur fram við öll börn af virðingu og umhyggju og það hefur frumkvæði að samskiptum við foreldra sem hafa mjög jákvætt viðhorf til starfsins. Starfsfólk nýtir áhugasvið sín, þekkingu og hæfileika í starfi og hefur svigrúm til að undirbúa daglegt starf. Starfsfólk heilsar börnunum þegar þau koma og kveðja við brottför, börnin segjast eiga greiðan aðgang að starfsfólki og þau eru ánægð með frístundaheimilið og finna fyrir öryggi þar. Starfsemin einkennist af jákvæðu andrúmslofti, gleði og virðingu. Starfsfólk er meðvitað um hlutverk sitt sem fyrirmyndir, það er stolt af starfi sínu, hefur trú á gæðum þess og er ánægt í starfi. Starfsfólki finnst það geti haft áhrif á starfið, finnst gaman í vinnunni, er ánægt með starfsanda og samskipti á starfsstaðnum og telur að jafnræðis og jafnréttis sé gætt. Starfsemin endurspeglar gott samstarf og samábyrgð starfsfólks.

Í starfinu er markvisst unnið með hreyfingu og börnin hvött til að hreyfa sig, skipulag útileiksvæðis gerir t.d. ráð fyrir ólíkum viðfangsefnum barna. Starfsfólk leiðbeinir og tekur þátt í umræðum og er virkt í starfi með börnum. Móttaka og brottför barna er með skipulögðum hætti og yfirsýn og utanumhald um barnahópinn er með skýrum hætti. Börnin hafa val um viðfangsefni á valtöflu og það er komið til móts við börnin þegar þau vilja skipta um viðfangsefni. Unnið er eftir umsóknarferli um sértækan stuðning á frístundaheimilum, einstaklingsáætlanir eru endurskoðaðar reglulega yfir starfsárið og reglulega er fundað með foreldrum barna sem þurfa sérstakan stuðning.

Tækifæri til umbóta:

Tækifæri liggja víða þó styrkleikar séu margir í starfsemi Vinasels. Aðgerðaráætlun ætti að birta með opinberum hætti, s.s. á heimasíðu starfsstaðarins og æskilegt væri að starfsfólk og börn tækju meiri þátt í stefnumótun um starfið. Vinna ætti markvissar með fjölmenningu og margbreytileika í starfinu og gott væri að setja hlekk á kynningarbæklinga um frístundaheimili sem til eru á mörgum tungumálum inn á heimasíðu. Gera mætti gildi frístundaheimilisins, menntastefnu skóla- og frístundasviðs eða gildi frístundamiðstöðvarinnar sýnilegri á starfsstaðum og gagnlegt væri að endurskoða reglur frístundaheimilisins með þátttöku barna og birta í augnhæð barnanna á veggjum frístundaheimilisins og/eða heimasíðu. Gagnlegt væri að gera skriflega áætlun/handbók um foreldrasamstarf og leita ætti leiða til að aðili frá frístundaheimilinu fái að taka þátt í nemendaverndarráðsfundum, þegar við á og móttökuviðtali grunnskóla vegna barna með íslensku sem annað tungumál skv. móttökuáætlun.

Kynna mætti markvissar fyrir starfsfólki möguleika til símenntunar, leita ætti markvisst eftir sjónarmiðum foreldra varðandi gæði, þróun og framkvæmd starfsins, t.d. með könnunum frá Vinaseli og mikilvægt er að rýmingaræfingar séu gerðar reglulega með börnum og starfsfólki.

Samvinna við grunnskólann um samnýtingu húsnæðis mætti vera töluvert meiri og skipulag húsnæðis frístundaheimilisins mætti vera betra, t.d. að fækka húsgögnum. Efniviður mætti vera fjölbreyttari og aðgengilegri og meira af opnum efnivið sem höfða jafnt til barna, óháð kyni eða kynvitund. Skipulag í kringum valttöflu þarf að vera þannig að tryggt sé að öll börn fái jöfn tækifæri þegar kemur að vali. Hvetja þarf markvissar til hreinlætis í síðdegishressingu og að þar séu notaðir diskar. Tækifæri eru einnig til að hvetja börnin til sjálfsábyrgðar og sjálfstæðis, t.d. með því að labba sjálf á milli frístundaheimilis og gefa mætti sjálfsprottnum leik og athöfnum barna meira rými.

Nýta mætti aðferðir barnalýðræðis í starfinu þar sem viðfangsefnin taki í auknu mæli meira mið af áhuga og styrkleikum barna, t.d. með barnaráði, barnafundum og hugmyndakössum, þar sem markvisst er leitað og kallað eftir sjónarmiðum þeirra. Setja mætti upp skipulagt og skráð verklag um hvernig börn koma að ákvörðunartöku í starfinu. Fjölbreytni í vali á efnivið þyrfti að auka og gæta þarf þess að leikföng höfði til allra barna. Nýta mætti hugmyndir barna til að þróa og móta leiksvæði og hvetja mætti börnin til að koma með eigin hugmyndir og styðja þau í að útfæra og framkvæma þær. Leita mætti markvisst að skoðunum barna sem eiga erfitt með að koma skoðunum sínum á framfæri, s.s. vegna fötlunar, tungumáls, félagslegrar stöðu, veikinda eða áfalla. Börnin mættu skipuleggja viðburði, s.s. fyrir foreldra, ættingja eða önnur börn.

Vinna mætti markvisst með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í starfinu.

Það sem vel er gert:

- Forstöðumenn rækta samskipti við börn, starfsfólk, samstarfsaðila og foreldra í daglegu starfi
- Forstöðumenn sjá til þess að fréttum af starfinu sé miðlað, t.d. á heimasíðu starfsstaðarins, á samfélagsmiðlum eða með tölvupósti, eftir því sem við á.
- Forstöðumenn hafa uppeldis- og menntunarsýn og miðla henni til starfsfólks og annarra samstarfsaðila.
- Starfsfólk hefur svigrúm til að undirbúa daglegt starf.
- Starfsfólk hefur fengið kynningu á siðareglum og starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar.
- Vönduð móttökuáætlun fyrir nýtt starfsfólk hefur verið gerð og farið er eftir henni.
- Vel er haldið utan um upplýsingar um daglega starfsemi.
- Gætt er að varðveislu persónuupplýsinga og viðræður hafa verið við samstarfsaðila um verklag til að fylgja eftir nýjum persónuverndarlögum.
- Við ráðningu nýs starfsfólks er farið eftir lögbundnu ráðningarferli og upplýsinga frá sakaskrá er aflað.
- Mjög gott samstarf er við frístundamiðstöð.
- Forstöðumenn nýta fjármagn á hagkvæman hátt í þágu barna.
- Aðgerðaráætlun fyrir starfsárið liggur fyrir.
- Starfsfólk fær reglulega fræðslu um öryggismál, slys og forvarnir.
- Starfsfólk þekkir og vinnur eftir öryggisverkferlum.
- Starfsfólk þekkir ábyrgð sína og verklag um tilkynningaskyldu vegna barnaverndarmála.
- Nauðsynlegum upplýsingum er miðlað til starfsfólks, t.d. á reglulegum starfsmannafundum og fésbókarsíðu starfsfólks.
- Markvisst er leitað eftir hugmyndum starfsfólks til að auka fjölbreytni í starfinu.
- Samstarf innan starfsmannahópsins er mjög gott.
- Starfsfólk hefur frumkvæði að samskiptum við foreldra.
- Stjórnandi situr skilafundi vegna barna með sérstakar þarfir sem eru að koma úr leikskóla eða öðrum grunnskólum.
- Stjórnandi situr teymisfundi vegna málefna einstakra barna.
- Starfsstaðurinn tekur þátt í formlegu hverfasamstarfi.
- Starfsfólk er í góðu samstarfi við aðra í hverfinu sem vinna með börnum.
- Unnið er að þróunarverkefnum.
- Fræðsla er reglulega í boði fyrir starfsfólk.
- Starfsþróunarsamtöl eru tekin við starfsfólk a.m.k. árlega.

Tækifæri til umbóta:

- Æskilegt væri að starfsfólk og börn tækju meiri þátt í stefnumótun um starfið.
- Mikilvægt er að rýmingaræfingar séu reglulega með börnum og starfsfólki.
- Aðgerðaráætlun ætti að birta með opinberum hætti, s.s. á heimasíðu starfsstaðarins.
- Nýta má stefnur um fjölmenningu og verklag SFS vegna barna með annað móðurmál en íslensku, s.s. móttökuáætlun til úrbóta, fræðslu, símenntunar og þróunar.
- Tækifæri eru til að þróa enn frekari lýðræðisvinnu með börnunum, t.d. með barnaráði, barnafundum og hugmyndakössum, þar sem markvisst er leitað og kallað eftir sjónarmiðum þeirra.
- Leita ætti markvisst eftir sjónarmiðum foreldra varðandi gæði, þróun og framkvæmd starfsins, t.d. með könnunum frá Vinaseli.
- Leita leiða til að stjórnandi frá Vinasaeli geti setið á nemendaverndarráðsfundum, þegar

við á.

- Kynna markvisst fyrir starfsfólki möguleika til símenntunar, s.s. styrki, námskeið, ráðstefnur, fræðsluefni á netinu, erlent samstarf, uppeldisfræðiáfangu í framhaldsskólum, nám í tómsunda- og félagsmálafræði við Menntavísindasvið o.fl.

FRÍSTUNDASTARF

Það sem vel er gert:

- Skipulag endurspeglar að góð samfella er í degi barnsins.
- Samfélagsmiðlar eru nýttir til samskipta.
- Verkaskipting og ábyrgð starfsfólks í daglegu starfi er skýr og öllum ljós.
- Móttaka og brottför barna er með skipulögðum hætti.
- Yfirsýn og utanumhald um barnahópinn er með skýrum hætti.
- Skipulag útileiksvæðis gerir ráð fyrir ólíkum viðfangsefnum barna.
- Í starfinu er markvisst unnið með hreyfingu og börnin hvött til að hreyfa sig.
- Starfsfólk leiðbeinir og tekur þátt í umræðum, verkefnum og leik barna þegar það á við.
- Börnin hafa val um viðfangsefni.
- Komið er til móts við börnin þegar þau vilja skipta um viðfangsefni.
- Börnin ganga sjálf frá eftir síðdegishressinguna.
- Börnin koma með ábendingar um klúbbastarf til starfsfólks.
- Unnið er eftir umsóknarferli um sértækan stuðning á frístundaheimilum.
- Einstaklingsáætlanir eru endurskoðaðar reglulega yfir starfsárið.
- Reglulega er fundað með foreldrum barna sem þurfa sérstakan stuðning og samráð haft um málefni barnsins innan frístundaheimilisins.

Tækifæri til umbóta:

- Samvinna við grunnskólann um samnýtingu húsnæðis mætti vera töluvert meiri.
- Skipulag húsnæðis mætti vera betra, t.d. að fækka húsgögnum.
- Efniviður mætti vera fjölbreyttari og aðgengilegri og meira af opnum efnivið sem höfða jafnt til barna, óháð kyni eða kynvitund.
- Endurnýja þyrfti efnivið og búnað.
- Skipulag í kringum valtöfluna mætti vera betra til þess að tryggja börnum jöfn tækifæri þegar kemur að vali.
- Hvetja börnin markvissar til hreinlætis í síðdegishressingu og að þar séu notaðir diskar.
- Tækifæri eru til að hvetja börnin til sjálfsábyrgðar og sjálfstæðis, t.d með því að labba sjálf á milli frístundaheimilis og skóla.
- Hvetja mætti börnin frekar til að takast á við áskoranir, vera skapandi og finna merkingu (s.s. með því að spyrja spurninga, rannsaka, gera tilraunir, sýna frumkvæði, vera forvitin og leysa vandamál).
- Gefa mætti sjálfsprottnum leik og athöfnum barna meira rými.
- Viðfangsefnin mættu í auknum mæli taka mið af áhuga og styrkleikum barna.
- Auka þyrfti fjölbreytni í vali á efnivið og gæta að því að leikföng höfði til allra barna.
- Börnin mættu vera virkari þátttakendur í að móta viðfangsefni og val.
- Nýta mætti aðferðir barnalýðræðis í starfinu s.s. með skipulögðum barnafundum, barnaráðum og hugmyndakössum.
- Setja mætti upp skipulagt og skráð verklag um hvernig börn koma að ákvörðunartöku í starfinu.
- Nýta mætti hugmyndir barna til að þróa og móta leiksvæði.
- Leita mætti eftir sjónarmiðum barna við stefnumótun og starfsáætlunarvinnu.

- Hvetja mætti börnin til að koma með eigin hugmyndir og styðja þau í að útfæra og framkvæma þær.
- Það mætti leita markvissara að skoðunum barna sem eiga erfitt með að koma skoðunum sínum á framfæri, s.s. vegna fötlunar, tungumáls, félagslegrar stöðu, veikinda eða áfalla.
- Börnin mættu skipuleggja viðburði, s.s. fyrir foreldra, ættingja eða önnur börn.
- Vinna mætti markvisst með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í starfinu og hafa hann sýnilegan í rými frístundaheimilisins.
- Vinna mætti markvissara að því að efla samfélagslega virkni barna, s.s. með þáttöku í góðgerðar-, félags-, menningar- og íþróttastarfi.
- Stjórnandi sitji móttökuvíðtöl grunnskóla vegna barna með íslensku sem annað tungumál skv. móttökuáætlun.
- Gott væri að setja hlekk á kynningarbæklinga um frístundaheimili sem til eru á mörgum tungumálum inn á heimasíðu.
- Vinna ætti markvissar með fjölmenningu og margbreytileika í starfinu og styðjast þá t.d við fræðslu frá skóla- og frístundasviði og annarra aðila um fjölmenningu í frístundastarfi.

MANNAUÐUR

Það sem vel er gert:

- Starfsfólk nýtir áhugasvið sín, þekkingu og hæfileika í starfi.
- Starfsfólk notar jákvæð samskipti og virka hlustun í samskiptum við börn.
- Starfsfólk kemur fram við öll börn af virðingu og umhyggju.
- Starfsemin endurspeglar gott samstarf og samábyrgð starfsfólks.
- Starfsfólk er virkt í starfi með börnum.
- Starfsfólk er stolt af starfi sínu, hefur trú á gæðum þess og er ánægt í starfi.
- Starfsfólk telur að starf þess sé metið að verðleikum.
- Starfsfólk telur hæfni sína og þekkingu vel nýtt og finnst það geti haft áhrif á starfið.
- Starfsfólki líður vel og finnst gaman í vinnunni.
- Starfsfólk er ánægt með starfsanda og samskipti á starfsstaðnum.
- Starfsfólk telur að jafnræðis og jafnréttis sé gætt.
- Starfsfólki er hrósað fyrir vel unnin störf.
- Starfsfólki finnst það fá nauðsynlegar upplýsingar og veit til hvers er ætlast af því.

Tækifæri til umbóta:

- Engin sérstök tækifæri skráð.

Það sem vel er gert:

- Starfsemin einkennist af jákvæðu andrúmslofti, gleði og virðingu.
- Starfsfólk gefur sig að foreldrum og öðrum gestum sem koma og sýnir þjónustulund.
- Starfsfólk heilsar börnunum þegar þau koma og kveðja við brottför.
- Börnunum líður vel og eru ánægð með frístundaheimilið.
- Börnin finna fyrir öryggi í starfinu.
- Starfsfólk er meðvitað um hlutverk sitt sem fyrirmyndir.
- Börnin eiga greiðan aðgang að starfsfólki.
- Foreldrar hafa mjög jákvætt viðhorf til starfsins og eru ánægðir með samstarf og viðmót starfsfólks.
- Spurningum foreldra er svarað greiðlega af starfsfólki.
- Aðgengi að forstöðumönnum er gott og þeir leggja sig fram við að koma til móts við óskir og ábendingar foreldra.
- Upplýsingaflæði til foreldra er mjög gott.
- Skipulögð foreldrakynning er árlegur þáttur í frístundastarfinu.
- Foreldrum er boðið að taka þátt og kynna sér daglegt starf með því að vera í 30 mínútur á frístundaheimilinu þegar þeir sækja börnin sín.
- Boðið er upp á foreldraviðtöl fyrir þá sem það vilja.
- Foreldrum finnst verkefnið sem börnin takast á við fjölbreytt, uppbyggileg og vekir áhuga barnanna.
- Foreldrum finnst vera góð samfella í degi barna með tilliti til annars frístundastarfs

Tækifæri til umbóta:

- Gera mætti gildi frístundaheimilisins, menntastefnu skóla- og frístundasviðs eða gildi frístundamiðstöðvarinnar sýnilegri á starfsstaðum.
- Gagnlegt væri að endurskoða reglur frístundaheimilisins með þátttöku barna og birta á sýnilegum stað þar sem bæði börn og foreldrar geta auðveldlega skoðað þær.
- Gagnlegt væri að gera skriflega áætlun/handbók um foreldrasamstarf.

INNRA MAT

Engar athugasemdir eru gerðar við þennan matsþátt og hvorki dregið fram það sem vel er gert né það sem betur má fara þar sem innra mat hefur ekki ennþá verið innleitt með formlegum hætti í frístundastarf.

FYLGISKJAL 1: REKSTARNIÐURSTAÐA 2015-2018

Rekstrarniðurstaða

Rekstrarniðurstaða Vinasels 2015-2018.

2015	6,3 mkr. afgangur
2016	1,7 mkr. afgangur
2017	5,4 mkr. afgangur
2018	1,5 mkr. afgangur

Flokkur	Fjárhæð 2018	Áætlun 2018	Fjárhæð 2017	Áætlun 2017	Fjárhæð 2016	Áætlun 2016	Fjárhæð 2015	Áætlun 2015
Annar rekstrarkostnaður	32.227.147	34.010.410	33.244.822	33.991.974	31.482.938	32.503.788	29.944.451	32.071.498
Laun og launatendgjöld	53.114.078	51.568.579	41.069.710	44.055.690	37.263.169	34.357.430	30.280.125	31.033.177
Tekjur	-18.404.528	-17.142.807	-19.264.674	-17.640.456	-18.959.342	-15.343.188	-16.493.018	-13.065.663
Heildarsumma	66.936.697	68.436.182	55.049.858	60.407.208	49.786.765	51.518.030	43.731.558	50.039.012

Helstu frávík

Árin 2015 til 2018 var frístundaheimilið með rekstrarafgang og því rekið undir þeim fjárheimildum sem því var úthlutað. Árin 2016 og 2018 var reksturinn í góðu jafnvægi en árin 2015 og 2017 var það aðallega mannekla sem varð þess valdandi að frístundaheimilið skilaði auknum afgangi.

Árið 2015

Rekstur skilar 6,3 m.kr. afgangi, aðallega vegna manneklu. Tekjur 3,5 m.kr. yfir áætlun og launakostnaður 0,8 m.kr. undir áætlun en annar rekstrarkostnaður 2,1 m.kr. undir áætlun.

Árið 2016

Rekstur skilar 1,7 m.kr. afgangi. Tekjur 3,6 m.kr. yfir áætlun og launakostnaður 2,9 m.kr. yfir áætlun en annar rekstrarkostnaður 1 m.kr. undir áætlun.

Árið 2017

Rekstur skilar 5,4 m.kr. afgangi, aðallega vegna manneklu. Tekjur 1,6 m.kr. yfir áætlun og launakostnaður 2,9 m.kr. undir áætlun en annar rekstrarkostnaður 0,7 m.kr. undir áætlun.

Árið 2018

Rekstur skilar 1,5 m.kr. afgangi, aðallega vegna manneklu. Tekjur 1,3 m.kr. yfir áætlun og launakostnaður 1,5 m.kr. yfir áætlun en annar rekstrarkostnaður 1,7 m.kr. undir áætlun.

Helgi Grétar Helgason, Fjármála- og rekstrarþjónustu SFS tók saman.